



ENOR

Enor ehf. | s. 430 1800 | www.enor.is



Norðurþing

Endurskoðunarskýrsla 2021

Efnisyfirlit

	<i>Bls.</i>
<i>Endurskoðun ársins 2021</i>	<i>3</i>
<i>Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar</i>	<i>4 - 5</i>
<i>Ársreikningur sveitarfélagsins</i>	<i>6 - 10</i>
<i>Reikningshaldslegt mat</i>	<i>11 - 13</i>
<i>Notkun reikningsskilaaðferða</i>	<i>14</i>
<i>Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti</i>	<i>15</i>
<i>Önnur mikilvæg atriði</i>	<i>16</i>
<i>Viðbótarskýrsla til bæjarstjórnar</i>	<i>17 - 19</i>

Endurskoðun ársins 2021

Húsavík, 26. maí 2022

Sveitarstjórn Norðurþings

Við höfum lokið endurskoðun okkar á ársreikningi Norðurþings fyrir árið 2021. Markmið endurskoðunarinnar er að skila sveitarfélaginu og hagsmunaaðilum óháðu álit á reikningsskilum sveitarfélagsins. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Í álit okkar á ársreikning sveitarfélagsins segir: Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Að endurskoðuninni komu eftirtaldir starfsmenn Enor:

Níels Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi - áritunarendurskoðandi
Ómar Gunnar Ómarsson, löggiltur endurskoðandi
Arnór Dagur Dagbjartsson, viðskiptafræðingur
Óttar Ingi Oddsson, viðskiptafræðingur
Davíð Búi Halldórsson, löggiltur endurskoðandi - gæðarýnir

Við þökkum stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins alla þá aðstoð sem okkur var veitt. Ef upp vakna spurningar um endurskoðunina eða niðurstöður hennar þá hvetjum við stjórn eða stjórnendur til þess að hafa samband við okkur.

Virðingarfyllst,

Enor ehf.

Níels Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Tengiliðir hjá ENOR:

Níels Guðmundsson
Löggiltur endurskoðandi

Netfang: niels@enor.is
Sími: 430 1806
Gsm: 851 1806

Davíð Búi Halldórsson
Löggiltur endurskoðandi

Netfang: david.bui@enor.is
Sími: 430 1800
Gsm: 851 1800

*Enor ehf.
Hafnarstræti 53
600 Akureyri
s. 430 1800*

enor@enor.is | www.enor.is

Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar

Tilgangur endurskoðunar

Markmið endurskoðunarinnar sem unnin var í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun (ISA), er að veita óháð álit á því hvort ársreikningur sveitarfélagsins gefi glögga mynd af afkomu þess á árinu, efnahag í lok ársins og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreiknings

- Að leggja mat á líkur þess að ársreikningur sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum skekkju, sviksemi eða mistaka (útrá áhættumati).
- Að framkvæma endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla til að tryggja með nægjanlegri vissu að ársreikningur sé án verulegra annmarka.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

- Að framsetning ársreiknings sé í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.
- Að við færslu á bókhaldi og samningu ársreiknings sé beitt viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.
- Að koma upp og annast innra eftirlit sveitarfélagsins, sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, varðveita eignir þess og tryggja að farið sé að lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar

Helstu þættir í framkvæmd endurskoðunar

Áhættumat:

- Greining og mat á hættunni á verulegri skekkju í ársreikningnum.
- Felst í upplýsingaöflun og framkvæmd áhættumatsaðgerða.
- Áhættumatið leggur grunninn að umfangi og framkvæmd endurskoðunaraðgerða.

Innra eftirlit:


- Við öflun skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, fókusinn er á innra eftirliti sem tengist fjárhagsupplýsingum.
- Mat okkar á innra eftirliti hefur áhrif á áhættumat í þeim tilgangi að hanna viðeigandi aðgerðir.

Mikilvægismörk:

- Ákvörðun mikilvægismarka er mikilvægur hluti af ferli áhættumats og skipulagningar í endurskoðun. Í samhengi mikilvægismarka eru upplýsingar í ársreikningi taldar mikilvægar ef þær eru taldar hafa áhrif á þær efnahagslegu ákvarðanir sem lesendur taka á grundvelli upplýsinga í ársreikningi.
- Heildar mikilvægismörk samstæðu A og B hluta voru skilgreind kr. 101,5 milljónir eða 2,0% af rekstrartekjum en við skilgreiningu á mörkunum var horft á meðaltal ársins 2020 og fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021. Ákvörðun mikilvægismarkanna er byggð á þekkingu okkar á rekstri sveitarfélagsins og reynslu af sambærilegum verkefnum. Í samhengi við heildarmikilvægismörkin eru sett fram mörk fyrir óleiðrétta skekkjur sem voru skilgreind sem 5% af heildarmörkunum eða kr. 3,8 millj.
- Engir óleiðréttr mismunir eða skekkjur yfir framangreindum mörkum eru til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju. Við viljum þó vekja athygli á umfjöllun um óvissu varðandi niðurfærslu á útsvarstekjur sveitarfélagsins sbr. umfjöllun á bls. 11 í skýrslunni.

Framsetning ársreiknings (heild):

- Að meta hvort reikningsskilaaðferðir sem eru notaðar séu viðeigandi.
- Að yfirfara hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft og byggt á eðlilegum forsendum.
- Að yfirfara reikningskilin í heild með tilliti til framsetningar og þess hvort skýringar séu fullnægjandi og rétt fram settar.
- Það er mat okkar að félagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.



Ársreikningur sveitarfélagsins

Rekstrarreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2021	Áætlun með viðaukum	2020	2021	Áætlun með viðaukum	2020
Rekstrartekjur						
Skatttekjur	2.348.017	2.217.151	2.260.311	2.336.618	2.193.492	2.248.365
Framlög jöfnunarsjóðs	852.525	725.344	722.635	852.525	725.344	722.635
Aðrar tekjur	1.033.388	927.032	976.618	2.388.539	2.102.324	2.158.435
	<u>4.233.930</u>	<u>3.869.527</u>	<u>3.959.564</u>	<u>5.577.682</u>	<u>5.021.160</u>	<u>5.129.435</u>
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	2.426.829	2.244.404	2.339.948	2.915.708	2.639.198	2.803.541
Hækkun lífeyrisskuldbindinga ...	268.269	170.000	249.936	277.863	226.846	259.886
Annar rekstrarkostnaður	1.210.902	1.221.902	1.160.044	1.657.563	1.624.886	1.566.530
Afskriftir	144.127	123.729	114.064	376.379	359.483	345.961
	<u>4.050.127</u>	<u>3.760.035</u>	<u>3.863.992</u>	<u>5.227.513</u>	<u>4.850.413</u>	<u>4.975.918</u>
Rekstrarniðurst. fyrir fjárm. liði .	183.803	109.492	95.573	350.169	170.747	153.518
Fjármagnsliðir	(138.069)	(73.012)	(137.509)	(265.705)	(220.529)	(285.124)
Tekjuskattur	0	0	0	(5.913)	(15.000)	(526)
Hlutdeild minnihluta	0	0	0	356	12.100	18.449
Rekstrarniðurstaða ársins	45.735	36.480	(41.937)	78.907	(52.682)	(113.683)
Kostnaðarliðir í hlutfalli af tekjum:						
Laun og launatengd gjöld	57%	58%	59%	52%	53%	55%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga ...	6%	4%	6%	5%	5%	5%
Annar rekstrarkostnaður	29%	32%	29%	30%	32%	31%
Stærðir í rekstri pr. íbúa:						
Skatttekjur og jöfnunarsjóður ...	1.043	958	984	1.039	951	981
Aðrar tekjur	337	302	322	778	685	712
Laun og launatengd gjöld	(790)	(731)	(772)	(950)	(860)	(925)
Annar rekstrarkostnaður	(394)	(398)	(383)	(540)	(529)	(517)
Fjármagnsliðir	(45)	(24)	(45)	(87)	(72)	(94)

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur A og B hluta námu kr. 5.578 millj. á árinu 2021 og hækka um kr. 448 millj. milli ára eða um 8,7%. Tekjur samstæðunnar eru kr. 557 millj. eða 11,1% umfram áætlun ársins 2021.

Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld A og B hluta námu kr. 2.916 millj. á árinu 2021 og hækka um kr. 112 millj. milli ára eða 4,0%. Launakostnaður er nokkuð yfir áætlun ársins en frávik frá áætlun er kr. 277 millj. eða 10,5% hjá samstæðunni. Fjöldi meðalstöðugilda hækkar nokkuð milli ára en þau voru 289 á árinu 2021 samanborið við 269 árið áður. Laun og launatengd gjöld voru 52,3% af rekstrartekjum ársins samanborið við 54,7% árið áður.

Lífeyrisskuldbindingar

Hækkun lífeyrisskuldbindinga í A hlutanum nam kr. 268 millj. á árinu 2021 en samanlögð hækkun A og B hluta var kr. 278 millj. Hækkun lífeyrisskuldbindinga er í takti við launþróun.

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður A og B hluta nam kr. 1.658 millj. á árinu 2021 og hækkar um kr. 91 millj. milli ára eða 5,8%. Annar rekstrarkostnaður er kr. 33 millj. yfir áætlun eða 2,0%.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir hjá A og B hluta voru neikvæðir um kr. 266 millj. á árinu 2021 sem er um kr. 45 millj. yfir áætlun.

Viðaukar við fjárhagsáætlun

Samþykktir viðaukar gerðu ráð fyrir kr. 14 millj. í aukin útgjöld.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Afkoma og samanburður við áætlun

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð á árinu 2021 um kr. 45,7 millj. samanborið við kr. 36,5 millj. jákvæða afkomu skv. áætlun. Jákvæð niðurstaða var einnig á rekstri samstæðu sveitarfélagsins A og B hluta að fjárhæð kr. 78,9 millj. á árinu 2021 samanborið við kr. 52,7 millj. neikvæða afkomu skv. fjárhagsáætlun. Afkoma samstæðunnar var því kr. 131,6 millj. betri en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir kr. 38,4 millj. neikvæðri niðurstöðu af rekstri samstæðunnar. Viðaukar sem samþykktir voru við fjárhagsáætlun gerðu samanlagt ráð fyrir verri rekstrarniðurstöðu sem nam kr. 14,3 millj.

Frávik frá fjárhagsáætlun má sjá í töflunni hér til hliðar en helstu skýringar á þeim eru:

- Skatttekjur – útsvarstekjur og fasteignaskattar voru kr. 143 millj. yfir áætlun og framlög frá jöfnunarsjóði voru kr. 127 millj. yfir áætlun. Mestu munar um að útgjaldajöfnunarfólag og framlög vegna grunnskóla eru nokkuð yfir áætlun.
- Félagssjónusta – launaliðirnir að hækka og eru nokkuð yfir áætlun.
- Fræðslumál – laun og annar kostnaður heilt yfir nokkuð vel í takti við áætlun.
- Hreinlætismál – tekjur vegna sorphirðugjalds hækka nokkuð en kostnaður vegna sorphirðu er undir áætlun og lækkar milli ára.
- Umhverfismál – launakostnaður og aðkeypt þjónusta yfir áætlun.
- Sameiginlegur kostnaður – tekjur vegna þjónustusamnings við OH hafa verið vanáætlaðar.
- Lífeyrisskuldbindingar – áfram launahækkunarir en einnig forsendubreytingar í útreikningum sem hafa áhrif til hækkunar.
- Eignasjóður – frávik liggur í verðbótum vegna lána.
- Hafnarsjóður – tekjur af vörugjöldum yfir áætlun.
- Leigufélagið Hvammur – söluhagnaður skýrir jákvætt frávik frá áætlun.
- Dvalarheimili aldraðra – tekjur vegna daggjalda hafa hækkað.

Frávik frá áætlun (í þús kr.)	Rauntölur	Áætlun	Frávik	Frávik %
Skatttekjur	3.255.173	2.987.297	267.876	9,0%
Félagssjónusta	(358.287)	(265.611)	(92.676)	34,9%
Fræðslumál	(1.357.368)	(1.296.144)	(61.224)	4,7%
Menningarmál	(75.600)	(74.178)	(1.422)	1,9%
Æskulýðs- og íþróttamál	(333.997)	(340.362)	6.365	-1,9%
Brunamál og almannavarnir	(74.763)	(81.084)	6.321	-7,8%
Hreinlætismál	(11.747)	(34.441)	22.694	-65,9%
Skipulags- og byggingarmál	(32.230)	(43.952)	11.722	-26,7%
Samgöngumál	(176.446)	(182.421)	5.975	-3,3%
Umhverfismál	(102.475)	(82.933)	(19.542)	23,6%
Atvinnumál	(72.581)	(73.672)	1.091	-1,5%
Sameiginlegur kostnaður	(271.624)	(300.579)	28.955	-9,6%
Breyting lífeyrisskuldbindinga	(268.269)	(170.000)	(98.269)	57,8%
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	100.842	121.339	(20.497)	-16,9%
Eignasjóður	(102.568)	(56.288)	(46.280)	82,2%
Þjónustumiðstöð	(72.326)	(70.491)	(1.835)	2,6%
A hluti samtals	45.735	36.480	9.255	25,4%
Félagsslegar íbúðir	5.648	15.391	(9.743)	-63,3%
Hafnarsjóður Norðurþings	(74.087)	(85.921)	11.834	-13,8%
Orkuveita Húsavíkur ehf.	71.789	81.577	(9.788)	-12,0%
Fjárfestingafélag Norðurþings ehf.	427	1.062	(635)	-
Leigufélagið Hvammur ehf.	30.468	(5.349)	35.817	-669,6%
Dvalarheimili aldraðra sf.	(25.879)	(63.647)	37.768	-59,3%
Millifærslur A og B hluta	24.806	(32.275)	57.081	-176,9%
B hluti samtals	33.172	(89.162)	122.334	-137,2%
A og B hluti samtals	78.907	(52.682)	131.589	-249,8%

Ársreikningur sveitarfélagsins

Tekjustofnar sveitarfélagsins

Útsvarstekjur sveitarfélagsins hækkuðu um kr. 80,1 millj. eða 4,4% milli árána 2020 og 2021, en í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hafði verið gert ráð fyrir um kr. 59,9 millj. lækkun í útsvarstekjum milli ára eða um 3,3% lækkun. Sveitarfélögin fengu greiddar bráðabirgðagreiðslur á árinu 2020 vegna frestunar á gjalddögum staðgreiðslu og tryggingagjalds en ríkið heimilaði fyrirtækjum að fresta greiðslum á árinu 2020 (mest í mars 2020) yfir á árið 2021 vegna covid-19. Norðurþing fékk greiddar kr. 58,7 millj. á árinu 2020 í slíkar bráðabirgðagreiðslur. Í uppgjöri sveitarfélagsins fyrir árið 2020 var bráðabirgðagreiðslunni í heild eða kr. 58,7 millj. frestað og uppgjör staðgreiðslu látið stemma við útgefið uppgjör staðgreiðslu frá sambandinu. Ef horft er til þess að þessar frestuðu tekjur hafi í raun tilheyrt árinu 2020 þá má segja að útsvarstekjur sveitarfélagsins séu ekki að hækka milli ára heldur að dragast aðeins saman milli ára sem er áhyggjuefni fyrir sveitarfélagið.

Tekjur vegna fasteignaskatta og lóðarleigu hækka um kr. 7,6 millj. eða 1,8% milli ára en álagningarhlutföll voru lækkuð milli árána 2020 og 2021 sem að skýrir það hversu breytingin er lítil milli ára.

Framlög frá jöfnunarsjóði hækka um kr. 129,9 millj. milli ára en gert var ráð fyrir óverulegum breytingum milli ára í áætlun. Útgjaldajöfnunarframlagið hækkar um kr. 127,3 millj. milli ára og er kr. 87,4 millj. umfram áætlun. Framlög vegna grunnskóla hækka einnig nokkuð milli ára eða kr. 59,2 millj. og eru kr. 28,8 millj. umfram áætlun. Sveitarfélagið fékk á árinu 2020 framlag vegna fjárhagserfiðleika að fjárhæð kr. 37,1 millj. sem var ekki á árinu 2021.

Aðrar tekjur A-hluta hækka um kr. 56,8 millj. milli ára og eru kr. 106,4 millj. yfir áætlun ársins. Frávik frá áætlun dreifast nokkuð á málaflokkana.

Tekjustofnar A-hluti (í þús. kr.)

	2021	Áætlun með viðaukum	2020	2019	2018	2017
Útsvar	1.914.297	1.774.336	1.834.233	1.831.655	1.816.305	1.697.322
Fasteignaskattur, lóðaleiga	433.720	442.815	426.078	382.726	326.903	242.602
Framlag úr jöfnunarsjóði	852.525	725.344	722.635	557.573	653.204	664.327
Aðrar tekjur	1.033.388	927.032	976.618	845.183	809.621	697.296
	4.233.930	3.869.527	3.959.564	3.617.137	3.606.033	3.301.547

Ársreikningur sveitarfélagsins

Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2021	2020	2021	2020
Fastafjármunir				
Fasteignir og lóðir	3.340.383	3.320.319	3.950.358	3.994.875
Veitukerfi og hafnarmannvirki	0	0	2.333.955	2.424.298
Aðrar eignir	753.745	708.307	794.408	748.589
Leigðar eignir	24.224	25.060	24.224	25.060
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	383.131	365.343	376.430	355.570
Reiknuð skattinneign	0	0	64.256	65.980
Langtímakröfur	235.434	253.567	1.895	7.308
Fyrirframgreiddur kostnaður	211.495	220.680	211.495	220.680
	<u>4.948.411</u>	<u>4.893.275</u>	<u>7.757.021</u>	<u>7.842.359</u>
Veltufjármunir				
Birgðir	0	0	1.275	1.079
Óinnheimtar skatttekjur og kröfur	607.851	475.236	655.833	519.759
Næsta árs afb. af langtímakröfum	3.268	2.995	1.349	1.287
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	81.457	67.139	0	0
Aðrar skammtímakröfur	26.924	35.347	36.218	48.148
Markaðsverðbréf	0	0	250.248	248.147
Handbært fé	378.105	354.495	927.383	789.646
	<u>1.097.604</u>	<u>935.213</u>	<u>1.872.306</u>	<u>1.608.066</u>
Eignir samtals	<u>6.046.016</u>	<u>5.828.487</u>	<u>9.629.327</u>	<u>9.450.425</u>
Lykiltölur				
Veltufjárhlutfall	1,36	1,25	1,88	1,64
Heildareignir pr. íbúa	1.969	1.924	3.137	3.119

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta lækka um kr. 90,0 millj. milli ára og nema samtals kr. 7.103 millj. í árslok 2021.

Lóðir og lendur sveitarfélagsins voru endurmetnar á árinu byggt á hækkun lóðaleigutekna og nam endurmatshækkun þeirra kr. 67 millj.

Heildarfjárfesting samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu nam kr. 266 millj. en afskriftir námu kr. 376 millj.

Söluverð eigna hjá samstæðunni nam kr. 123 millj. en seldar voru fasteignir hjá Félagslegum íbúðum og Leigufélagi Hvamms ehf.

Helstu fjárfestingar ársins voru:

- Eignasjóður kr. 54 millj. í malbikunarframkvæmdir, kr. 28 millj. í framkvæmdir í Suðurfjöru og kr. 24 millj. í nýtt hjúkrunarheimili Auðbrekku.
- Orkuveita Húsavíkur ohf. kr. 101 millj. í veitukerfum og búnaði en helstu fjárfestingar ársins voru tengdar framkvæmdum við hitaveitu í Aðaldal og lagningu vatns og fráveitulagna í gegnum Höfðagöng.

Fyrirframgreiddur kostnaður

Færð er upp krafa í efnahagsreikningi vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð en framlög í lífeyrisaukasjóð gjaldfærast á 30 árum og framlög í varúðarsjóð á 20 árum. Meðhöndlun er í samræmi við álit frá reikningskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga.

Óinnheimtar skatttekjur og kröfur

Óinnheimtar skatttekjur og kröfur hækka nokkuð milli ára og nema kr. 656 millj. í árslok samanborið við kr. 520 millj. í ársbyrjun. Þessi hækkun krafna skýrist að hluta til af því að sveitarfélagið átti háa kröfu á Vík hses í árslok.

Handbært fé og veltufjárhlutfall

Handbært fé í lok ársins nam kr. 927 millj. samanborið við kr. 790 millj. í ársbyrjun. Veltufjárhlutfall samstæðunnar hækkaði og var 1,88 í árslok samanborið við 1,64 í ársbyrjun. Engin ný lán voru tekin á árinu 2021.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2021	2020	2021	2020
Eigið fé				
Eiginfjárreikningur	1.096.167	983.182	2.391.665	2.250.246
Hlutdeild minnihluta	0	0	(20.058)	(33.191)
	<u>1.096.167</u>	<u>983.182</u>	<u>2.365.606</u>	<u>2.217.055</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar				
Lífeyrisskuldbindingar	2.226.899	2.100.180	2.305.936	2.178.276
Skuldir við lánastofnanir	1.915.767	1.992.681	2.712.360	2.872.896
Aðrar langtímaskuldir	0	0	1.246.888	1.195.222
Leiguskuldir	1.552	6.467	1.552	6.467
	<u>4.144.218</u>	<u>4.099.327</u>	<u>6.266.737</u>	<u>6.252.861</u>
Skammtímaskuldir				
Viðskiptaskuldir	128.495	111.299	173.928	163.579
Skuldir við lánastofnanir	0	0	0	13.957
Skuldir við eigin fyrirtæki	19.431	20.815	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	157.989	176.241	207.982	236.948
Næsta árs afborganir leiguskulda	5.228	4.669	5.228	4.669
Næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindinga	124.983	117.759	133.359	125.467
Aðrar skammtímaskuldir	369.504	315.196	472.297	435.888
	<u>805.631</u>	<u>745.978</u>	<u>996.983</u>	<u>980.509</u>
Skuldir samtals	<u>4.949.849</u>	<u>4.845.305</u>	<u>7.263.721</u>	<u>7.233.370</u>
Skuldir og eigið fé samtals	<u>6.046.016</u>	<u>5.828.487</u>	<u>9.629.327</u>	<u>9.450.425</u>
Lykiltölur				
Eiginfjárlutfall	18%	17%	25%	24%
Skuldahlutfall skv. reglum um fjárh.viðm.	65%	74%	77%	90%
Eigið fé pr. íbúa	357	324	771	732
Skuldir og skuldbindingar pr. íbúa	1.612	1.599	2.366	2.387

Eiginfjárreikningur

Staða eiginfjárreiknings sveitarfélagsins hjá A og B hluta hækkar um kr. 148,6 millj. milli ára. Jákvæð afkoma A og B hluta að fjárhæð kr. 78,9 millj. kemur til hækkunar á eigin fé ásamt færslu vegna endurmats á lóðum og lendum að fjárhæð kr. 67,3 millj.

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar A og B hluta hækka um kr. 136,0 millj. milli ára. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga námu kr. 133,1 millj. en gjaldfærð hækkun kr. 268,7 millj. Nánari umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar er á bls. 13 í skýrslunni.

Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir lækka um kr. 189,5 millj. milli ára hjá samstæðu A og B hluta ef teknar eru með næsta árs afborganir langtímaskulda. Aðrar langtímaskuldir sem eru annarsveggar víkjandi lán frá ríkinu í Hafnarsjóði og hinsvegar skuldir við búseturéttthafa hjá Dvalarheimili aldraðra hækka um sem nemur verðbótum ársins. Á árinu 2021 voru engin ný langtímalán tekin hjá samstæðunni. Á árinu nam afborgun af höfuðstól langtímaskulda kr. 340,5 millj. hjá samstæðu A og B hluta.

Skuldahlutfall

Skuldahlutfall samstæðu sveitarfélagsins sem reiknað er í samræmi við reglur um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga var 77% í árslok 2021 hjá samstæðunni og lækkar um 13% milli ára. Hjá A hlutanum var skuldahlutfallið 65% í árslok 2021 samanborið við 74% í ársbyrjun.

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Mat óinnheimtra skatttekna og annarra viðskiptakrafna

Mat viðskiptakrafna sveitarfélagsins var yfirfarið.

Niðurfærsla óinnheimtra skatttekna og viðskiptakrafna í árslok 2021 hjá A-hluta nam kr. 72,8 millj. sem er 10,7% af útistandandi kröfum, samanborið við kr. 50,3 millj. og 9,6% í ársbyrjun. Staða viðskiptakrafna er að hækka nokkuð milli ára en niðurfærslan er einnig að aukast þar sem bætt var við kr. 33,6 millj. niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna á árinu. Niðurfærsla krafna hjá A og B-hluta nam kr. 82,8 millj. eða 11,2% samanborið við kr. 59,7 millj. og 10,3% í ársbyrjun.

Sértæk niðurfærsla er færð á móti eldri kröfum auk þess sem færð er 5% almenn niðurfærsla á móti heildarkröfum að frádregnum þeim kröfum sem eru færðar niður sértækt. Eins og komið var inn á eftir yfirferð okkar 2020 þá er nálgun sveitarfélagsins á útreikninginn á niðurfærslunni frekar gróf og væri ástæða til þess að skoða ítarlegri útfærslu á niðurfærslunni. Það sama á við um útreikning á niðurfærslu krafna hjá dótturfélaginu Orkuveitu Húsavíkur ohf.

Óinnheimtar skatttekjur hafa verið að hækka nokkuð á undanförunum árum en nokkuð virðist sitja eftir ógreidd vegna verkamanna sem hafa verið með lögheimili á Húsavík en eru nú fluttir aftur erlendis. Færð var sérstök niðurfærsla á árinu 2021 vegna óinnheimtra skatttekna að fjárhæð kr. 33,6 millj.

Niðurstaða

Við teljum að mat viðskiptakrafna í árslok 2020 sé í samræmi við reikningskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Greina þarf óinnheimtar skatttekjur fyrir uppgjör ársins 2022 en þar gæti verið þörf á frekari niðurfærslu heldur en færð hefur verið.

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

A hluti (í þús. kr.)	2021	2020
Viðskiptakröfur	680.607	525.490
Niðurfærsla krafna	(72.756)	(50.254)
Viðskiptakröfur nettó	607.851	475.236
Niðurfærsla í %	10,7%	9,6%
A- og B hluti (í þús. kr.)	2021	2020
Viðskiptakröfur	738.643	579.469
Niðurfærsla krafna	(82.810)	(59.710)
Viðskiptakröfur nettó	655.833	519.759
Niðurfærsla í %	11,2%	10,3%

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Mat eignarhluta í félögum

Mat á eignarhlutum sveitarfélagsins var yfirfarið.

Bókfært verð eignarhluta í félögum var kr. 376,4 millj. í árslok 2021 eftir niðurfærslu en þá eru með talin hlutdeildarfélög. Færð var hlutdeild í afkomu Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., Hrafnabjargarvirkjunar hf. og Íslenskrar orku ehf. sem eru hlutdeildarfélög Orkuveitu Húsavíkur ohf. og var hlutdeildin jákvæð um kr. 2,3 millj. Eignarhlutirnir endurspegla hlutdeild samstæðunnar í eigin fé félaganna.

Stærsti einstaki eignarhlutur sveitarfélagsins er í Lánasjóði sveitarfélaga en skv. ársreikningi lánasjóðsins fyrir árið 2021 á sveitarfélagið 2,22% eignarhlut. Hlutdeild sveitarfélagsins í eigin fé lánasjóðsins er kr. 435,1 millj. mv. ársreikning sjóðsins fyrir árið 2021 og er því líklega nokkuð vanmat á eignarhlutum í bókum sveitarfélagsins. Samkvæmt reglum eru eignarhlutir í eigu aðalsjóðs metnir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu ef þörf er talin á og því ekki ástæða til þess að færa eignarhlutinn upp. Á árinu lagði sveitarfélagið stofnframlag til Vík hses að fjárhæð kr. 22,9 millj. Reglur um slíkar húsnæðissjálfsveigarstofnanir gera ráð fyrir því að slík stofnframlög séu endurgreidd þegar þau lán sem tekin voru í upphafi fyrir framkvæmdum eða kaupum á húsnæði eru uppgreidd.

Niðurfærsla á móti eignarhlutum í félögum nam kr. 88,8 millj. í árslok samanborið við kr. 85,9 millj. í ársbyrjun.

Hér til hliðar má sjá sundurliðun á bókfærðu verði eignarhluta í árslok.

Niðurstaða

Við teljum að eignarhlutir sveitarfélagsins séu í heild hæfilega metnir í árslok 2021.

Eignarhlutir í félögum (í þús. kr.)	Bókfært verð	
	31.12 2021	31.12 2020
Fjárfestingarfélag Þingeyinga hf.	7.936	7.936
Hvalamiðstöðin á Húsavík ehf.	325	325
Greið leið ehf.	13.635	13.635
Íslensk orka ehf.	45.043	45.043
Hrafnabjargavirkjun hf.	20.942	20.942
Hitaveita Öxarfjarðar hf.	46.691	46.691
Rifós hf.	495	495
Seljalax hf.	11.028	11.028
Fjallalamb hf.	23.105	23.105
Landskerfi bókasafna hf.	94	94
Silfurstjarnan hf.	1.338	1.338
Síldarvinnslan hf.	112	112
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	196.845	196.845
Skúlagarður-fasteignafélag ehf.	30.281	30.281
Sjóböð ehf.	36.876	36.876
Mýsköpun ehf.	500	500
Verslunarhúsið á Kópaskeri ehf.	800	800
Sparisjóður Suður-Þingeyinga	5.929	5.159
Vík hses - stofnframlög	22.943	0
	<u>465.187</u>	<u>441.474</u>
Niðurfærsla eignarhluta	(88.757)	(85.903)
	<u>376.430</u>	<u>355.570</u>

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Lífeyrisskuldbindingar

Norðurþing er í ábyrgð gagnvart skuldbindingum Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurbæjar. Auk Norðurþings greiða ýmsar stofnanir og félög á Húsavík til sjóðsins vegna lífeyrisgreiðslna til fyrrverandi starfsmanna sinna. Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á árinu 1998 en sjóðsfélagar í árslok 2021 voru 243 samanborið við 248 í ársbyrjun.

Samkvæmt tryggingafræðilegu mati á réttindasafni Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurbæjar fyrir árið 2021 námu áfallnar skuldbindingar safnsins kr. 3.583 millj. í árslok 2021 samanborið við kr. 3.295 millj. í ársbyrjun. Endurmetnar eignir sjóðsins námu kr. 669 millj. og voru því skuldir sjóðsins umfram eignir kr. 2.914 millj. í árslok 2021. Norðurþing færir kr. 2.439 millj. sem skuldbindingu vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurbæjar í árslok 2021.

Staða vegna uppgjors á lífeyrisskuldbindingum við Brú lífeyrissjóð er færð upp sem krafa í ársreikningi sveitarfélagsins undir fyrirframgreiddum kostnaði, sem var bókfærð á kr. 220,7 millj. í árslok 2021. Greiðsla á skuldbindingunni var fjármögnuð með láni frá Lánasjóði sveitarfélaga en eftirstöðvar hennar skiptast í lífeyrisaukasjóð (eftirstöðvar kr. 201,0 millj. gjaldfært á 30 árum) og varúðarsjóð (eftirstöðvar kr. 19,7 millj. gjaldfært á 20 árum). Gerð er grein fyrir áhrifum samkomulagsins við Brú í skýringu nr. 21 í ársreikningi sveitarfélagsins.

Við höfum fengið og yfirfarið upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu réttindasafns Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurbæjar. Við settum einnig fram væntingar um stöðu skuldbindinganna í árslok og bárum saman við niðurstöður tryggingafræðingsins.

Helstu niðurstöður yfirferðarinnar eru eftirfarandi:

- Staða áfallinna skuldbindinga safnsins umfram eignir er neikvæð um 81,3% í árslok 2021 samanborið við 83,3% árið áður.
- Áfallnar skuldbindingar safnsins hækka um 288,1 millj. kr. eða 8,7% og nema skuldbindingar umfram eignir 2.914 millj. kr.
- Með framtíðarskuldbindingum er staða safnsins neikvæð um 81,1% samanborið við 83,1% árið áður.
- Vegna núvirðingar og endurmits á eignum safnsins í matinu þá kemur frádráttur á skuldabréfaeign sjóðsins en frádráttur vegna hlutabréfa dettur út vegna reglugerðarbreytinga (var 10,0 millj. 2020). Frádráttur vegna skuldabréfa er kr. 50,0 millj. í árslok 2021 samanborið við kr. 52,6 millj. í árslok 2020.
- Launahækkunir opinberra starfsmanna haf áfram verið háar og hækkaði vísitala lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna um 6,1% milli ára.
- Inn í reiknigrunninn eru núna teknar nýjar forsendur um spá um lækun á dánartíðni sem að hafa nokkur áhrif til hækunar á reiknuðum skuldbindingum sjóðsins. Hækkunin vegna þessa er um kr. 169,0 millj. eða 5,1%.
- Við höfum einnig farið yfir flokkun, framsetningu og upplýsingar í skýringum í ársreikningi sveitarfélagsins og er það mat okkar að þar séu veittar viðeigandi upplýsingar í tengslum við lífeyrisskuldbindingar sveitarfélagsins.

Notkun reikningsskilaaðferða

Lóðir og lendur

Samkvæmt álit frá reikningsskilanevnd sveitarfélaga skulu sveitarfélög meta lóðir og lendur sem þau hafa leigutekjur af og færa til eignar í efnahagsreikningi eignasjóðs. Lóðir og lendur eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti og matsbreyting færð ef gangvirði hefur vikið verulega frá bókfærðu virði. Í árslok 2021 standa eignfærðar lóðir og lendur í kr. 1.634,6 millj. og hækka um kr. 67,3 millj. milli ára. Mat á lóðum og lendum er byggt á uppreikningi lóðaleigutekna. Lóðaleigutekjur sveitarfélagsins hækka um 4,3% milli álagningar 2021 og 2022. Lóðir og lendur eru ekki afskrifaðar.

Fyrirframinnheimt gatnagerðargjöld

Færð er upp skuldbinding vegna fyrirframinnheimtra gatnagerðargjalda hjá sveitarfélaginu undir Eignasjóði. Í árslok 2021 nam skuldbindingin kr. 75,0 millj. og hækkar skuldbindingin vegna hárra gatnagerðargjaldatekna á svæði þar sem litlar framkvæmdir voru á mótum tekjunum á árinu. Skuldbindingin á að færast niður samhliða framkvæmdum við gatnagerð í framtíðinni.

Lífeyrisskuldbindingar

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Skuldbindingin felur í sér áætlaðan hlut sveitarfélagsins í áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurbæjar.

Færð er upp krafa vegna fyrirframgreiðslna á lífeyrisskuldbindingum til Brúar Lífeyrissjóðs en gerð er grein fyrir stöðu fyrirframgreiðslunnar í skýringu 21 í ársreikningi.

Taprekstur hjá eignasjóði og þjónustumiðstöð

Í 21. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga er fjallað um rekstrarframlög til fyrirtækja sveitarfélaga sem eru ekki rekstrarlega sjálfbær en eru að sinna lögbundnum eða venjubundnum verkefnum sveitarfélaga. Að okkar mati þarf að greina betur rekstur bæði eignasjóðs og þjónustumiðstöðvar til þess að meta hverju þarf að breyta í innri viðskiptum til þess að ná rekstri þessara eininga nær núllinu. Tap ársins 2021 hjá eignasjóði var kr. 102,6 millj. og eiginfjárstaða málaflokksins er orðin neikvæð um kr. 741,6 millj. Hjá þjónustumiðstöð var tap ársins kr. 72,3 millj. og eiginfjárstaða málaflokksins neikvæð um kr. 413,3 millj. Þetta mikla uppsafnaða tap bendir til þess að uppfæra þurfi innri leigu og gjaldskrár þessara stofnana en það þyrfti einnig að skoða í samhengi við fjárhagsáætlanagerð.

Mat á notkun reikningsskilaaðferða

Við höfum yfirfarið reikningsskilin með tilliti til laga um ársreikninga og annarra laga og reglna sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga. Engin sérstök frávik komu fram við þá yfirferð.

Það er mat okkar að sveitarfélagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga, sveitarstjórnarlög, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og aðrar settar reikningsskilareglur.

Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti

Eftirlitsumhverfi og innra eftirlit

Farið var yfir eftirlitsumhverfi sveitarfélagsins og lykilorði í innra eftirliti. Viðhorf stjórnenda til innra eftirlits er að okkar mati jákvætt.

Fengnar voru frá aðalbókara uppfærðar ferlalyásingar fyrir helstu viðskiptaferla í starfsemi sveitarfélagsins og voru þær yfirfarnar. Greindar voru helstu eftirlitsaðgerðir í ferlunum og framkvæmd þeirra metin en ekki var farið í prófanir á eftirlitsaðgerðum að þessu sinni fyrir utan það að ákveðnir þættir voru skoðaðir í kostnaðarferlum.

Aðfangafæri

Farið var yfir samþykktarferli á rekstrarkostnaði sveitarfélagsins samhliða úrtaksskoðun á rekstrarkostnaði. Rafrænt samþykktarferli er innbyggt í fjárhagskerfi sveitarfélagsins og fer allur almennur kostnaður í gegnum það kerfi. Tekið var úrtak úr vöru og þjónustukaupum sveitarfélagsins og athugað hvort reikningar og önnur fylgiskjöl væru samþykkt af réttum aðila og hvort skráning væri í lagi. Yfirferðin kom vel út og teljum við að samþykktarferlið sé virkt.

Launaferli

Farið var yfir grunngögn vegna launavinnslu fyrir valin launatímabil innan ársins útfra úrtaki starfsmanna sem var valið útfra heildarlista yfir útborganir ársins. Meðal annars var skoðað hvort til staðar væru ráðningarsamningar og hvort samræmi væri í tímaskráningu og öðrum forsendum í útborgun. Engin sérstök frávík komu fram við yfirferðina.

Aðgangur að bankareikningum og bókhaldi

Kallað var eftir upplýsingum frá fjármálastofnunum varðandi aðgangsheimildir að bankareikningum sveitarfélagsins og skoðaðar millifærsluheimildir starfsmanna í samhengi við starfssvið og aðrar heimildir. Engar athugasemdir eftir yfirferðina.

Niðurstaða

Við höfum ekki greint verulega veikleika í aðgreiningu starfa eða innra eftirliti almennt hjá sveitarfélaginu.

Önnur mikilvæg atriði

Staðfesting á óhæði

Við erum óháð Norðurþingi í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra.

Við staðfestum að samkvæmt okkar bestu vitneskju höfum við sem endurskoðendur ekki veitt Norðurþingi neina óheimila þjónustu samanber lista yfir óheimila þjónustu sem tilgreind er í 5. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Viðbótarskýrsla til bæjarstjórnar

Samkvæmt reglugerð ESB nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögbundna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, skulu löggiltir endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtæki, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, leggja fram viðbótarskýrslu til endurskoðunarnefndar endurskoðuðu einingarinnar. Skv. 11. gr. reglugerðarinnar skal viðbótarskýrslan innihalda upplýsingar um eftirfarandi atriði;

a) innihalda yfirlýsingu um óhæði, sem um getur í a-lið 2. mgr. 6. gr.,

- Staðfestingu á óhæði er að finna á bls. 16 í endurskoðunarskýrslunni.

b) ef endurskoðunarfyrtæki annaðist lögboðnu endurskoðunina skal tilgreina í skýrslunni sérhvern áritunarendurskoðanda sem átti aðild að endurskoðuninni,

- Níels Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi er eini áritunarendurskoðandinn í verkefninu.

c) ef löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki hefur gert ráðstafanir um að eitthvert starfa hans eða þess sé í höndum annars löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis, sem er ekki aðili að sama tengslaneti eða hefur nýtt vinnu utanaðkomandi sérfræðinga, skulu þessi atriði koma fram í skýrslunni og þar skal staðfest að löggilti endurskoðandinn eða endurskoðunarfyrtækið hafi móttengið staðfestingu frá hinum löggilta endurskoðandanum eða endurskoðunarfyrtækinu og/eða utanaðkomandi sérfræðingnum um óhæði þeirra,

- Við höfum nýtt okkur vinnu tryggingastærðfræðings vegna LSH og í tengslum við það höfum við metið óhæði og hæfni viðkomandi sérfræðings.

d) lýsa eðli, tíðni og umfangi samskipta við endurskoðunarnefndina eða aðilann, sem sinnir sambærilegum verkefnum innan endurskoðuðu einingarinnar, framkvæmdastjórn og stjórn eða eftirlitsstjórn endurskoðuðu einingarinnar, þ.m.t. dagsetningum funda með þessum einingum,

- Vegna skipulagningar þá funduðum við með stjórnendum sveitarfélagsins þann 17. nóvember 2021 og 13. janúar 2022. Endurskoðunaráætlun var lögð fram og hún yfirfarin.

e) fela í sér lýsingu á umfangi og tímasetningu endurskoðunarinnar,

- Skipulagningarvinna og áhættumat vegna verkefnisins fór fram á tímabilinu nóvember til janúar en meginþungi endurskoðunarvinnunnar var svo í mars og fram í apríl 2022.

Tímaáætlun vegna verkefnisins gerði ráð fyrir um 180 – 200 klst. og er sú áætlun að ganga upp.

f) lýsa skiptingu verkefna meðal löggiltu endurskoðendanna og/eða endurskoðunarfyrtækjanna ef fleiri en einn löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki hafa verið tilnefnd,

- Á ekki við.

g) lýsa þeirri aðferðafræði sem beitt er, þ.m.t. hvaða liðir efnahagsreiknings hafa verið sannreynðir með beinum hætti og hvaða liðir hafa verið sannreynðir út frá kerfis- og samræmisprófun, þ.m.t. skýring á hvers kyns verulegum breytileika í vægi kerfis- og samræmisprófana í samanburði við næstliðið ár, jafnvel þótt annar löggiltur endurskoðandi (endurskoðendur) eða endurskoðunarfyrtæki hafi annast reikningsskil næstliðins árs,

- Nálgun okkar á endurskoðunina hefur verið þannig að við höfum sannreynt með beinum hætti efnahagsliði sveitarfélagsins en úrtakskönnunum og greiningum var beitt gagnvart rekstrarliðum, þ.e. rekstrartekjum, launum, öðrum rekstrarkostnaði og fjármagnsliðum.

Viðbótarskýrsla til bæjarstjórnar

Samkvæmt reglugerð ESB nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögbundna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, skulu löggiltir endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtæki, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, leggja fram viðbótarskýrslu til endurskoðunarnefndar endurskoðuðu einingarinnar. Skv. 11. gr. reglugerðarinnar skal viðbótarskýrslan innihalda upplýsingar um eftirfarandi atriði;

h) upplýsa um magnbundin mikilvægismörk sem notuð eru við lögboðna endurskoðun reikningsskila í heild og mikilvægismörk, þar sem við á, vegna tiltekinna flokka viðskipta, stöðu reikninga eða skýringa og upplýsa um eigindlega þætti sem tekið var tillit til við ákvörðun mikilvægismarka,
- Upplýsingar um mikilvægismörk er að finna á bls. 5 í skýrslunni.

i) greina frá og útskýra mat á atburðum eða aðstæðum, sem komið er auga á meðan á endurskoðun stendur, og gætu vakið verulegar efasemdir um getu einingarinnar til að viðhalda áframhaldandi rekstrarhæfi sínu og hvort þau fela í sér verulega óvissu og leggja fram yfirlit um allar ábyrgðir, staðfestingarbréf, vilyrði um opinbera íhlutun og aðrar stuðningsráðstafanir sem litið hefur verið til við mat á áframhaldandi rekstrarhæfi,
- Ekkert slíkt hefur komið fram.

j) greina frá öllum verulegum brotalömum hjá endurskoðuðu einingunni eða, ef um er að ræða samstæðureikningsskil, hjá móðurfélaginu í innra eftirliti með fjármálum þess og/eða í bókhaldskerfinu. Í viðbótarskýrslunni skal tekið fram fyrir sérhverja slíka verulega brotalöm hvort fundin hefur verið lausn á umræddri brotalöm af hálfu stjórnenda eða ekki,
- Engar verulegar brotalamir hafa komið fram við endurskoðunina.

k) greina frá öllum verulegum atvikum sem fela í sér, eða grunur leikur á um að feli í sér, að ekki hafi verið farið að lögum og reglugerðum eða samþykktum, sem fram komu við endurskoðunina, að því marki sem þau eru talin skipta máli til að endurskoðunarnefndinni sé kleift að ljúka verkefnum sínum,
- Ekkert hefur komið fram við endurskoðunina sem bendir til þess að sveitarfélagið hafi ekki farið að lögum, reglugerðum eða samþykktum sínum.

l) greina frá og meta matsaðferðir, sem beitt er gagnvart ýmsum liðum í árlegum reikningsskilum eða samstæðureikningsskilum, þ.m.t. hvers kyns áhrif sem breytingar á þessum aðferðum hafa,
- Matsaðferðir sveitarfélagsins eru óbreyttar milli ára og vísun við til umfjöllunar um yfirferð á matsliðum á bls. 11 – 13 í skýrslunni.

m) ef um er að ræða lögboðna endurskoðun á samstæðureikningsskilum að skýra umfang samstæðunnar og útilokunarforsendur, sem endurskoðaða einingin beitir gagnvart einingum, sem ekki eru í samstæðunni, ef einhverjar eru, og hvort þessar forsendur, sem beitt er, séu í samræmi við reikningsskilareglur,
- Undir samstæðureikning sveitarfélagsins falla A og B hluta stofnanir auk dótturfélaganna Orkuveitu Húsavíkur ohf., Fjárfestingafélags Norðurþings ehf., Dvalarheimilis aldraðra sf. og Leigufélagsins Hvamms ehf. Sveitarfélagið á meirihlutaæign í Hitaveitu Öxarfjarðar hf. í gegnum Orkuveitu Húsavíkur ohf. en sá eignarhlutur er færður samkvæmt hlutdeildaraðferð í uppgjöri Orkuveitunnar.

Viðbótarskýrsla til bæjarstjórnar

Samkvæmt reglugerð ESB nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögbundna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, skulu löggiltir endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtækji, sem annast lögboðna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum, leggja fram viðbótarskýrslu til endurskoðunarnefndar endurskoðuðu einingarinnar. Skv. 11. gr. reglugerðarinnar skal viðbótarskýrslan innihalda upplýsingar um eftirfarandi atriði;

n) greina, eftir atvikum, frá hvers kyns vinnu við endurskoðun af hálfu eins eða fleiri endurskoðenda, endurskoðunarfélaga eða endurskoðunarfyrtækja þriðju landa í tengslum við lögboðna endurskoðun samstæðureikningsskila annarra en þeirra sem eru aðilar að sama tengslaneti og endurskoðandi samstæðureikningsskilanna,

- Á ekki við – engir aðrir endurskoðendur en við hjá Enor komum að vinnunni.

o) taka fram hvort endurskoðaða einingin lagði fram allar skýringar og skjöl, sem beðið var um,

- Stjórnendur sveitarfélagsins hafa veitt okkur alla þá aðstoð og aðgang að gögnum sem við höfum óskað eftir.

p) greina frá:

i. öllum verulegum vandkvæðum sem upp komu við lögboðnu endurskoðunina,

ii. öllum mikilvægum málefnum sem upp komu vegna lögboðnu endurskoðunarinnar sem rædd voru eða voru tilefni bréfaskipta við stjórnendur og

iii. öllum öðrum málefnum sem upp komu við lögboðnu endurskoðunina sem samkvæmt faglegu mati endurskoðandans eru mikilvæg við umsjón með ferlinu við gerð reikningsskilanna.

- Engin veruleg vandkvæði komu upp við endurskoðunarvinnuna og við teljum okkur hafa greint frá öllum helstu málum í einstökum köflum í endurskoðunarskýrslunni.

3. Ef fleiri en einn löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtækji hafa verið ráðin samtímis og risið hefur ágreiningur milli þeirra um verklag við endurskoðun, reikningsskilareglur eða eitthvað annað álitaefni, sem varðar framkvæmd lögboðnu endurskoðunarinnar, skal útskýra ástæður fyrir ágreiningnum í viðbótarskýrslunni til endurskoðunarnefndarinnar.

- Á ekki við – engir aðrir endurskoðendur en við hjá Enor komum að vinnunni.